

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Skerðingsstaða í Grundarfjarðarbæ.

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar samþykkti 10. mars 2022 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Skerðingsstaði ásamt umhverfismatsskýrslu í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Tillagan var auglýst 20. júlí 2022 með athugasemdafresti til og með 14. september 2022.

Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 en þar er svæðið skilgreint fyrir verslun og þjónustu. Skipulagssvæðið er um 4,5 ha að stærð og liggur á tanga sem gengur út í Lárvaðal undir Skerðingsstaðafjalli. Nýtingarhlutfall skipulagssvæðisins verður að hámarki 0,13. Á svæðinu er gert ráð fyrir allt að 100 herbergja hóteli og allt að fimm smáhýsum. Hótelbyggingin verður stölluð og verður hæsti punktur hennar mest 2,5 m frá botnplötu 1. hæðar. Hámarksbyggingarmagn hótelsins verður 5.500 m<sup>2</sup> ofanjarðar. Byggingarreiturinn er að miklu leyti innan fornminjasvæðis og liggur niðurstaða fornminjaskráningar fyrir. Byggingin verður klædd að utan með náttúrulegum efnum og þök lögð gróðurþekju. Byggingarreitur fyrir smáhýsin er austast á skipulagssvæðinu og er húsunum raðað upp með óreglulegum hætti. Hæð smáhýsanna verður mest 4,5 m frá botnplötu. Hámarksbyggingarmagn smáhýsanna er 300 m<sup>2</sup>.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 með síðari breytingum.

Kærufrestur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er 1 mánuður frá gildistöku deiliskipulagsins, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Grundarfirði, 10. ágúst 2023.*

**Kristín Þorleifsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 24. ágúst 2023